

Allsherjarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík.

Akureyri 30. mars 2005


**Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytinga á lögum um Schengen-  
upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000**

Með bréfi dags. 8. mars 2005 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytinga á ofangreindum lögum. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólki Jafnréttisstofu er það mikil ánægja að beðið sé um umsögn á þessum málaflokki, enda er nauðsynlegt að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í alla ákvarðanatöku.

Ljóst er að ástæður karla og kvenna til flutninga milli landa eru oft mjög ólíkar, og mun líklegra er að konur séu fórnarlömb mansals en karlar. Því telur Jafnréttisstofa þá breytingu vera til batnaðar að hægt verði að skrá hvort viðkomandi aðili sé á flóttu. Um leið er bent á að einnig verður að hafa ólíka stöðu kynjanna að þessu leyti í huga þegar úrskurða þarf um það efni.

Virðingarfyllst,



Silja Bára Ómarsdóttir  
sviðsstjóri